

# Fundargerð 465. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, mánudaginn 9. september kl. 11:00 kom Stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Hafnasambandsþing 2024 - 2210002HA**

Formaður gerði grein fyrir drögum að dagskrá og fór yfir praktísk mál. Í hans máli kom fram að ennþá vanti svör frá ráðuneytinu en að öðru leyti sé dagskráin tilbúin.

Formanni og starfsfólki falið að halda áfram undirbúningi.

**2. Ályktun þingsins og helstu áherslupunktur - 2210002HA**

Formaður óskaði eftir tillögum frá stjórn um áherslupunkta í ályktun þingsins sem og till nefningum í allsherjarnefnd.

Formanni falið að útbúa drög að ályktun fyrir þingið og senda á stjórnarfólk.

**3. Faghópur hafnsögumanna og skipstjóra - 2009012HA**

Rætt um endurtilnefningu í faghóp hafnsögumanna og skipstjóra en tilgangur hópsins er að huga að fræðslu, öryggi, samstarfi og öðrum verkefnum þessara aðila hjá höfnum.

Stjórn telur mikilvægt að endurtilnefna og fjölga fulltrúum í nefndinni. Framkvæmdastjóra falið að yfirfara erindisbréfið og taka málið aftur upp á næsta fundi.

Sigurður Jökull Ólafsson, formaður Cruise Iceland, kom inn á fundinn kl. 11:30.

**4. Skemmtiferðaskip - 2409002HA**

Lagt fram bréf, dags. 6. september 2024, AECO um hugsanleg áhrif af afnámi tollfrelsis skemmtiferðaskipa frá og með 1. janúar 2025. Sigurður Jökull gerði grein fyrir málinu.

Rætt um afleiðingar undanþágu tollfrelsis á minni hafnir og mögulega fækkun þeirra ásamt tekjumissi bæja á landsbyggðinni. Líta þarf til þess að sala ferða er löngu byrjuð og þarf því lengri frest áður en afnám tolla kemur til greina. Áhrifin gætu einnig leitt til þess að fækkun skipa rýri möguleika landsbyggðarinnar á að rafvæðast.

**5. Landtengingar við TEN-T hafnir - 2409001HA**

Lagt fram erindi frá Faxaflóahöfnum, dags. 3. september 2024, varðandi landtengingar frá TEN-T hafnir. Ásamt glærum frá CLIA um rafvæðingar í höfnum.

Sigurður Jökull Ólafsson vék af fundi kl. 12:00

**6. Umsögn um drög að breytingu á reglugerð nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla - 2408001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands um drög að breytingu á reglugerð nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla, dags. 29. ágúst 2024.

**7. Fjarvigtun - 2009021HA**

Pétur Ólafsson gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en skv. þeim upplýsingum sem hafa fengist frá Fiskistofu þá er verið að vinna í verkefninu og vonir standa til að hægt verði að hefja tilraunaverkefni á næstu vikum

Fundi var slitið kl. 12:05